

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að hefja formlegan undirbúning að stofnun leikskóla að Bríetartúni 11. Miðað er við að leikskólinn verði fjögurra deilda ungbarnaleikskóli fyrir 60 börn frá 12 mánaða aldri til þriggja ára. Stefnt er að því að leikskólinn taki til starfa fyrir lok árs 2021.

Greinargerð

Borgarstjórn samþykkti 18. nóvember 2018 að ráðast í aðgerðaáætlunina Brúum bilið sem felur í sér fjölgun leikskólarýma í öllum borgarhlutum svo bjóða megi börnum allt frá 12 mánaða aldri í leikskóla borgarinnar. Í upphaflegri áætlun var stefnt að því að fjölga leikskólarýmum um 700-750 á árunum 2019-2023 með byggingu nýrra leikskóla, viðbyggingum og/eða fjölgun leikskóladeilda við starfandi leikskóla, einkum þar sem eftirspurn eftir leikskólarýmum er mikil. Nú er verið að endurskoða þá áætlun og er stefnt að því að rýmum fjölgi talsvert meira á tímabilinu. Endurskoðunin tekur m.a. mið af Græna planinu sem borgarstjórn hefur samþykkt og felur í sér að litið er til þess að nýta húsnæði í borgarlandinu meðfram því að byggja nýtt. Tillagan um ungbarnaleikskóla í Bríetartúni er hluti af þessari endurskoðun, nýtt verkefni sem felur í sér að borgin tekur á leigu húsnæði miðsvæðis í borginni í hverfi þar sem mikil spurn er eftir leikskólarýmum.

Í leikskólanum við Bríetartún verða fjórar deildir sem áætlaðar eru fyrir 60 börn, fullbúið framreiðslueldhús, starfsmannaaðstaða og útileiksvæði. Leikskólinn mun verða ungbarnaleikskóli fyrir börn frá 12 mánaða aldri til þriggja ára. Húsnæðið að Bríetartúni 11 verður afhent í síðasta lagi 1. nóvember 2021. Húsnæðið verður afhent fullbúið utan búnaðar sem hentar fyrir starfsemina.

Stofna þarf nýjan leikskóla í tölvukerfum Reykjavíkurborgar. Opna þarf aðgang fyrir hann í Völu svo hægt sé að innrita börn í leikskólann. Ráða þarf leikskólastjóra og starfsfólk í tíma til að innritun í skólann gangi eftir. Vinna þarf að stefnumótun leikskólans með faglegri vinnu og undirbúa húsnæðið fyrir börn og starfsfólk.

Skoða þarf möguleikann á að stjórnandi nýs leikskóla við Bríetartún stýri einnig fyrirhuguðum ungbarnaleikskóla við Hallgerðargötu 1 (á Kirkjusandi). Báðir leikskólarnir eru ætlaðir fyrir 60 börn. Áætlað er að leikskólinn við Hallgerðargötu opni á næsta ári.

Í október 2020 var að tillögu stýrihópsins um Brúum bilið auglýst eftir leikskólahúsnæði með markaðskonnnun. Tvö tilboð bárust í þeirri könnun og þann 12. mars 2021 var skrifað undir leigusamning vegna húsnæðis að Bríetartúni 11.